


A, B eða C: Hvernig standa fyrirtækin sig

Margrét Björk Sigurðardóttir

05. apríl 2016

Ársfundur Matvælastofnunar



Hvað er frammistöðuflokkun?

- **Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi Matvælastofnunar**
 - Að flokka fyrirtæki út frá áhættu framleiðslunnar annars vegar og frammistöðu við að uppfylla kröfur löggjafarinnar hins vegar
 - Að forgangsraða eftirliti þangað sem mest er þörf á því
- **Innleitt 1. júlí árið 2012**
 - Fyrir fyrirtæki sem framleiða matvæli úr dýraríkinu og fóðurfyrirtæki

Af hverju frammistöðuflokkun?

- Lagaleg krafa
 - Forgangsröðun og skipulag eftirlits skuli taka tillit til fyrri sögu eftirlitsþega
- Skyldur fyrirtækja
 - Hvernig uppfylla fyrirtæki lögbundnar skyldur sínar og tryggja örugg matvæli og fóður, heilsu og velferð dýra
- Forgangröðun eftirlits
 - Forgangsráða eftirliti þangað sem mest er þörf á því
- Verðlauna þá sem standa sig vel
 - Dregið úr eftirliti
- Draga fram þá sem ekki standa sig
 - Aukið eftirliti

Fyrir hverja er frammistöðuflokkun?

- Fyrirtæki sem framleiða matvæli úr dýraríkinu og fóður
 - Í gildi síðan 1. júlí 2012
- Fyrirtæki undir eftirliti heilbrigðisnefnda
 - Ekki tekið gildi – innleiðingartími út 2017
 - Ekki frammistöðuflokkað fyrr en að loknum innleiðingartíma
 - Leiðbeiningar fyrir áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi gefnar út í janúar 2015
- Frumframleiðendur
 - Sambærilegt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi í vinnslu
 - Innleiðing hefst 2016
 - Frammistöðuflokkun hefst að loknum innleiðingartíma (ca 2 ár)

Hvernig er flokkað?

- Matvæla- og fóðurfyrirtæki eru flokkuð eftir frammistöðu í þrjá flokka:
 - A – Þeir sem standa sig vel.
 - Dregið úr eftirliti um 50%
 - Tímafjöldi eftirlits margfaldaður með 0,5
 - B – Grunnflokkur.
 - Öll ný fyrirtæki byrja í þessum flokki.
 - Tímafjöldi eftirlits margfaldaður með 1,0
 - Öll fyrirtæki í þessum flokki 1. júlí 2012
 - C – Þeir sem þurfa aukið aðhald.
 - Eftirlit aukið um 50%
 - Tímafjöldi eftirlits margfaldaður með 1,5

Flokkur

Lýsing á frammistöðuflokkum og kröfum til fyrirtækja

A

Matvælastofnun telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli eða fóður og því má draga úr magni reglubundins eftirlits.

Kröfur:

Eftirlitsaðili hefur skoðað flestar verklagsreglur fyrir matvæla- og fóðurframleiðslu. Verklagsreglurnar eru vel nýttar í starfseminni og eftirlitsaðili hefur staðfest að farið er eftir þeim.

Framleiðandinn greinir hættur í framleiðsluferlinu og verklaginu. HACCP eða verklag byggt á HACCP er til staðar og er virkt.

Úrbótaáætlun er til staðar og er virk.

Framleiðandi grípur til aðgerða um leið og vandkvæða verður vart.

Eftirlitsaðili hefur aðeins greint einstaka lítilsháttar frávik eða gert smávægilegar athugasemdir í eftirliti.

Framleiðandi gerir úrbætur þegar í stað í kjölfar athugasemda. Athugasemdir endurtaka sig ekki.

B

Grunnflokkur: *Ásættanlegt ástand. Allar nýjar starfsstöðvar eru settar í frammistöðuflokk B.*

Kröfur:

Verklagsreglur framleiðanda til að framleiða örugg matvæli og fóður eru að mestu í lagi þrátt fyrir smávægilega ágalla.

Úttektir sýna að verklagið gengur vel í raun og virkar nægilega vel.

Eftirlitsaðili hefur greint frávik, jafnvel alvarlegt frávik, í eftirliti en framleiðandi bregst strax við og vinnur vel úr athugasemdum.

Útbótaáætlun er til staðar og er virk.

C

Matvælastofnun telur að starfsstöðin og/eða verklag sæti miklum ágöllum við framleiðslu matvæla eða fóðurs. Naumlega starfhæf, krefst aukins eftirlits.

Kröfur:

Ákvörðun hefur verið tekin um þvingunarúrræði eða áminningu þar sem matvæla- eða fóðurfyrirtækið stenst ekki kröfur löggjafar.

Þó nokkrar athugasemdir komið fram um verklag fyrirtækisins til að framleiða örugg matvæli og fóður og/eða verklaginu er ekki fylgt.

Viðbótareftirlit hefur þurft að fara fram og eru sumar athugasemdir viðvarandi.


Rekstraraðili sinnir ekki eða bregst ekki við athugasemdum eftirlitsaðila.

Úrbótaáætlun er ekki virk og úrbætur eru ekki gerðar.


Hvernig flytjast fyrirtæki milli flokka?

- Frammistöðumat byggir á niðurstöðum úr eftirlitsskýrslum
 - Heildarfjöldi frávika frá lögbundnum kröfum
 - Fjöldi frávika í hverjum flokki
 - Alvarleg frávik
 - Viðbrögð við frávikum
- Eftirlitsgagnagrunnur Matvælastofnunar reiknar út frammistöðumat

Hlutfallsleg dreifing fyrirtækja í frammistöðuflokka 2013 - 2015



Hlutfallsleg dreifing fyrirtækja í frammistöðuflokka eftir greinum 2013 - 2015



Af hverju innleiðingartími?

- **Rýni kerfis**
 - Ítarlegt rýniferli fer strax af stað til að hægt sé að sníða af vankanta og ófyrirséð vandamál sem koma fram við innleiðingu
- **Samræming**
 - Að samræmi sé í kröfum sem gerðar eru milli ólíkra fyrirtækjagerða
 - Að tryggt sé að samræmi sé í frammistöðumati
- **Kynning**
 - Að kerfi sé vel kynnt og þekkt meðal eftirlitsþega og almennings
- **Aðlögun**
 - Tími fyrir eftirlitsþega að læra á nýtt kerfi
 - Að sameiginlegur skilningur sé á því hvaða þýðingu frammistöðumat hafi

Fyrirhugaðar breytingar 2016

- Stöðug rýni og endurskoðun
 - Rýniferli eftirlitskerfis 2013-2015
- Breytingar á frammistöðumati
 - Til að auka skilvirkni frammistöðumats og sanngirni
 - Litlum fyrirtækjum reynst erfiðara fyrir að færast upp um frammistöðuflokk
 - Taka inn fleiri þætti sem geta gefið til kynna frammistöðu fyrirtækja við að uppfylla kröfur
 - T.d. Að niðurstöður úr sýnatökum og brot á merkingum sem verða uppvís á markaði geti haft bein áhrif á frammistöðumat
 - Aukin áhersla á virkni HACCP og innra eftirlits
 - Fyrirtæki geta ekki tilheyrt frammistöðuflokki A nema þessi atriði séu í lagi

Framtíð frammistöðuflokkunar

- Innleiða frammistöðumat og frammistöðuflokkun fyrir alla frumframleiðendur, matvæla- og fóðurfyrirtæki á landsvísu
- Að niðurstöður frammistöðuflokkunar verði birtar
 - Skoða þarf framsetningu á niðurstöðum til birtingar
 - Skoða þarf með hvaða hætti skuli gera niðurstöður aðgengilegar
 - Víðtæk kynning svo tryggt sé að sameiginlegur skilningur sé á þýðingu flokkunar

Takk fyrir!

www.mast.is